

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli.

1. gr.

Á eftir 2. gr. reglugerðarinnar koma þrjár nýjar greinar sem verða 2. gr. a, 2. gr. b og 2. gr. c svohljóðandi:

2. gr. a

Meðferð matvæla.

Matvæli sem geyma á í kæli eða framreiða köld, skal kæla svo fljótt sem auðið er og geyma við 0-4°C, þannig að hitastig kælivara haldist við 0-4°C. Hitastig frystra matvæla skal vera stöðugt -18°C eða lægra. Heitum réttum skal haldið við a.m.k. 60°C.

2. gr. b

Athafnasvæði matvælafyrirtækja.

Húsakynni matvælafyrirtækja skulu vera í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar um atvinnuhúsnæði og hafa hlotið samþykki byggingarnefndar fyrir starfsemi.

Matvælafyrirtæki mega ekki vera í beinu sambandi við óskyldan atvinnurekstur eða íbúð og skulu eigi staðsett nálægt atvinnurekstri sem getur haft mengandi áhrif á starfsemina.

2. gr. c

Fyrirmæli eftirlitsaðila.

Eftirlitsaðili getur, ef ástæða er til, gefið út fyrirmæli um innréttingu og starfsemi fyrirtækja sem annast framleiðslu og/eða dreifingu matvæla.

Eftirlitsaðila er heimilt að setja upp á áberandi stað í matvælafyrirtækjum fyrirmæli, sem hann lætur í té og fela í sér einstök atriði sem honum þykir ástæða til að leggja áherslu á í sambandi við framleiðslu og dreifingu matvæla.

2. gr.

Lagastöð.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 28. maí 2010.

Jón Bjarnason.

Baldur P. Erlingsson.